

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
2022-2024

Tímabil áætlunar:

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Ríkisaðili	Menntaskólinn á Ísafirði	Ráðuneyti	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Ábyrgðaraðili	Jón Reynir Sigurvinsson		
A	Kjarnastarfsemi		
	<p>Kjarnastarfsemi Menntaskólans á Ísafirði er kennsla nemenda á framhaldsskólaaldri. Nemendur sem stunduðu nám við skólann á vorönn 2021 voru 466. Þar af voru 162 nemendur í dagskóla en 304 nemendur í lotubundnu dreifnámi eða fjarnámi. Nemendur sem stunda nám við skólann á haustönn 2021 eru 529. Þar af eru 165 nemendur í dagskóla og 364 nemendur í lotubundnu dreifnámi og fjarnámi. Á haustönn 2021 skiptast nemendur á eftirtaldar brautir: Félagsvísindabraut, fjarnámsbraut, framhaldsskólabraut, grunnnám há- og snyrtigreina, grunnnám málm- og véltæknigreina, grunnnám rafiðngreina, húsasmíðabraut, lista- og nýsköpunarbraut, náttúruvísindabraut, opna stúdentsbraut, sjúkraliðabraut, skipstjórnarbraut A, skipstjórnarbraut B, starfsbraut fyrir fatlaða nemendur, stálmíði og stúdentspróf af fagbraut. Skólanámskrá skólans er birt á heimasíðu skólans á www.misa.is þar sem hver og einn kafli er endurskoðaður eftir því sem breytingar verða. Gæðahandbók skólans er einnig er aðgengileg á heimasíðunni. Skólinn er starfræktur á einum stað, á Torfnesi á Ísafirði, í bóknámshúsi, verknámshúsi og heimavistarhúsi. Stefnt er að því að hefja byggingu á 2. áfanga verknámshúss á árinu 2022 fáist til þess fjármagn en unnið er að frumathugun á húsnæðisþörf skólans á vegum ráðuneytis. Á heimavist skólans eru 33 herbergi og er heimavistin vel nýtt. Á haustönn 2021 bjuggu þar 19 dagskólanemar. Laus herbergi eru leigð út til lengri og skemmri tíma fyrir nemendur sem koma í námslotur í dreifnámi á verknámsbrautum. Einnig fyrir nemendur frá samstarfsskóla MÍ í Danmörku (Erasmus+) og nemendur frá Háskólasetri Vestfjarða.</p> <p>Skipting útgjalda eftir meginviðfangsefnum fyrri hluta árs 2021 er á þessa leið:</p> <p>Laun 66% Ferðir og fundir 0% Rekstrarvörur 4% Aðkeypt þjónusta 3% Húsnæði 27% Bifreiðar og vélar 0% Rekstrarkostnaður 0%</p>		

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
2022-2024
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar:

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A1	Minnkað brotthvarf nemenda úr námi við skólann.	4.4	Hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára af bók- og starfsnámsbrautum.	Töluleg gögn úr INNU	68%	70%	75%
			Brotthvarf úr dagskóla fari ekki yfir 5% á ári	Töluleg gögn úr INNU	2,5%	< 5%	< 5%
			Brottfall úr áföngum fari ekki yfir 8% að meðaltali	Töluleg gögn úr INNU	9,9%	7%	5%
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun): Brotthvarf úr framhaldsskóla minnki OG Námsframvinda</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára

2022-2024

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar:

A1.1	Virkt eftirlit með námsgengi nemenda og fjarvistum frá kennslustundum í dagskóla. Staða verður tekin reglulega á hverri önn og brugðist við samkvæmt verklagsreglum. Fjöldi áfanga sem nemendur fá að skrá sig í á næstu önn fer eftir námsgengi á yfirstandandi önn. Nýtt verklag varðandi þetta var gefið út í gæðahandbók skólans á vorönn 2021. Á yfirstandandi önn hefur verið unnið samkvæmt nýju verklagi og það verður áfram gert á næstu önnum.	2022	2024				
A1.2	Móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku var gefin út í gæðahandbók haustið 2020. Móttökuáætlunin hefur verið virkjuð og unnið er að auknum stuðningi við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Nemendur fá sérstaka tíma í stundatöflu þar sem þeir fá stuðning í formi aðstoðar við verkefnavinnu og við heimanám. Ráðinn hefur verið til skólans sérfræðingur í stuðningi við nemendur með annað móðurmál en íslensku og stefnt að því að auka þennan stuðning enn frekar.	2022	2024				
A1.3	Þjálfra kennara í kennsluháttum sem byggja upp námsgetu nemenda og eflir virkni þeirra og þrautseigju í námi.	2022	2024				
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
2022-2024
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar:

A2	Fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi.	4.4	Hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára af bók- og starfsnámsbrautum.	Töluleg gögn úr Innu	Hlutfall skráðra nema á starfs- og verk- námsbrautum og á lista- og nýsköpunar braut var 38%	Hlutfall skráðra nema á starfs- og verk- námsbrautum og á lista- og nýsköpunar braut var 40%	Hlutfall skráðra nema á starfs- og verk- námsbrautum og á lista- og nýsköpunar braut var 42%
			Hlutfall brautskráðra nemenda í starfsnámi samanborið við nemendur í námi til stúdentsprófs.	Töluleg gögn úr Innu.	26% úr starfsnámi og 74% úr námi til stúdentsprófs	30% úr starfsnámi og 67% úr námi til stúdentsprófs	34% úr starfsnámi og 64% úr námi til stúdentsprófs

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára

2022-2024

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar:

			Hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára af starfsnámsbrautum.	Töluleg gögn úr Innu.	62%	64,5%	66%
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun): Fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A2.1	Kynna námsframboð Mí sérstaklega í verk- og starfsnámi og á lista- og nýsköpunarbraut fyrir grunnskólanemum á Vestfjörðum. Kynna sérstaklega framboð skólans í fjar- og dreifnámi fyrir markhópum á svæðum sem liggja utan við norðanverða Vestfirði. Sérstök áhersla verður lögð á markhópa á sunnanverðum Vestfjörðum sem eru nú í þokkalegu heilsársvegasambandi við norðursvæðið, með tilkomu Dýrafjarðarganga.				2022	2024	
A2.2	Bæta aðstöðu til náms- og kennslu á verk- og starfsnámsbrautum. Stefnt er að bygging nýs verknámshúss við skólann hefjist árið 2022. Frumathugun á húsnaðispörf vegna verknámshúss er í vinnslu hjá ráðuneyti.				2022	2024	

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára

2022-2024

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar:

A2.3	Endurskoða kynningar á námsframboði í verk- og starfsnámi í samstarfi við grunnskóla á svæðinu. Möguleikar skoðaðir á að hefja kynningastarfið fyrr og kynna skólann bæði að hausti og vori.				2022	2024	
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A3	Auka gæði menntunar í skólanum	4.4	Fjöldi rafrænna ferlibóka	Rafrænar ferilbækur	0	4	6
			Hlutfall réttindakennara við skólann	Gögn um réttindi kennara	69%	75%	80%
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun): Tryggja gæði náms og kennslu</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A3.1	Vinna að því að taka upp rafrænar ferilbækur í verk- og starfsnámi				2021	2024	

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
2022-2024**

Tímabil áætlunar:

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

A3.2	Hvetja leiðbeinendur sem starfa við kennslu til að hefja réttindanáms eða halda því áfram. Veita þeim sem stunda réttindanáms svigrúm til námsins með sveigjanleika í stundtöflu.	2021	2024
A3.3	Aukið samtal við atvinnulíf á svæðinu í tengslum við vinnustaðanáms og ferilbækur	2022	2024

B	Rekstrarþættir
	<p>Fjöldi starfsfólks Menntaskólans á Ísafirði um þessar mundir eru 52 starfsmenn. Tuttugu og þrjú eru í fullu starfi, aðrir í minna starfshlutfalli. Konur eru 31 og karlar 21. Alls eru það 41 starfsmenn sem sinna kennslu. Af þeim eru konur 21 og karlar 17. Yfirstjórn skólans samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra og fjarnámsstjóra sem ráðinn var í hálftr starf á haustönn 2021. Starfsárið 2021-2022 er kynjaskipting yfirstjórnar þannig að skólameistari er karl en aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og fjarnámsstjóri eru konur. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri eru í 100% starfshlutfalli, fjármálastjóri er í 75% starfshlutfalli og fjarnámsstjóri í 50% starfshlutfalli. Starfsfólk við skólann er á aldrinum 28 til 67 ára. Meðalaldur starfsfólks við skólann er 48 ár.</p> <p>Skólanum skal setja stefnur og áætlanir til samræmis við ákvæði laga og reglugerða um framhaldsskóla. Þær stefnur og áætlanir sem settar hafa verið eru birtar í gæðahandbók á heimasíðu skólans. Skólinn hefur sett sér gæðastefnu, stefnu um innra mat og launa- og jafnlaunastefnu. Þá hefur skólinn sett sér stefnu um aðgerðir og viðbrögð gegn einelti, kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Einnig hefur persónuverndarstefna skólans verið samþykkt svo og stefna um kennsluhætti og námsmat við skólann og stefna um fjarnám. Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku hefur einnig verið samþykkt ásamt móttökuáætlunum fyrir nýnema, nýnema á starfsbraut og nýnema með sérþarfir. Unnið er samkvæmt jafnréttisáætlun sem sett var haustið 2019. Ný jafnréttisáætlun verður sett í janúar 2022. Aðrar stefnur og áætlanir eru í smíðum í tengslum við vinnu gæðahandbókar og verða birtar á heimasíðunni jafnóðum og þær verða tilbúnar.</p> <p>Jafnlaunavottun Skólinn hlaut jafnlaunavottun í desember 2019. Viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfinu fór fram í nóvember 2021. Skólinn hlaut ISO-9001 gæðavottun í apríl 2021 og viðhaldsúttekt á gæðakerfinu verður í apríl 2022.</p> <p>Innra mat er starfrækt við skólann eins og kveðið er á um í aðalnámskrá frá árinu 2011 og í reglugerð nr. 700/2010. Við skólann er starfandi teymi um innra mat sem skipuleggur og leggur fyrir kannanir og vinnur með rýnihópum nemenda og starfsmanna í þeim tilgangi að fá sem best mat á starf skólans. Skólinn hefur sett sér stefnu um innra mat sem birt er í gæðahandbók skólans.</p> <p>Ytri úttekt var gerð á skólanum í nóvember 2021 og er skýrsla um úttektina væntanleg í febrúar 2022</p>
	Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
2022-2024

Tímabil áætlunar:

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B1	Draga úr umhverfisáhrifum	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri	Viðurkenningar eftir hvert lokið skref í verkefninu	Skólinn var ekki orðinn þátttakandi verkefnis um græn skref í ríkisrekstri	Skólinn hafi lokið öllum 5 skrefunum i verkefninu græn skref í ríkisrekstri	
		Minnkuð notkun og förgun pappírs. Notkun fjarfunda við stjórnarsýsluna.	Pappírsinnkaup, notkun og förgun. Fjöldi fjarfunda.	80.000 blaðsíður af pappír. Allir fundir við stjórnarsýslu voru fjarfundir frá og með	60.000 blaðsíður af pappír.	40.000 blaðsíður af pappír.

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
2022-2024

Tímabil áætlunar:

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

				14. mars 2020.		
		Útblástur af starfsemi, notkun vistvænna samgöngumáta og minnkuð orkunotkun	Loftslagsstefna og markmið sem sett verða um minnkaða losun. Þátttaka starfsfólks í samgöngu samningi	Skólinn var ekki orðinn þátttakandi verkefnis um græn skref í ríkisrekstri	Skólinn hafi lokið öllum 5 skrefunum í verkefninu græn skref í ríkisrekstri	
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Skólinn var skráður í verkefnið græn skref í ríkisrekstri í janúar 2021. Stefnt að því að ljúka öllum grænum skrefum á fyrri hluta árs 2022.				2021	2022
B1.2	Unnið verður að því að minnka notkun og förgun pappírs. Notkun fjarfunda við stjórnarsýsluna verður haldið áfram.				2021	2024

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
2022-2024**

Tímabil áætlunar:

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

B1.3	Lokið við gerð loftslagsstefnu og markmiða í að minnka útblástur og minnka orkunotkun vegna lýsingar og húshitunar.				2022	2024
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B2	Aukin starfsþróun og starfsánægja.	Fjöldi endurmenntunar- og starfsþróunarnámskeiða sem haldin eru skulu vera a.m.k. eitt á önn.	Upplýsingar um fjölda endurmenntunar- og starfsþróunar-námskeiða sem haldin eru. Fjöldi kennara og starfsfólks sem sækir námskeiðin.	1 námskeið og var haldið á vorönn og 1 á haustönn. Þátttaka var góð á báðum námskeiðum.	2 námskeið á önn.	2 námskeið á önn.

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára

2022-2024

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar:

		Skipuleggja fræðslu fyrir kennara og stjórnendur skólans sem miðar að því að betur gangi að samræma kennslu í staðnámi og fjarnámi	Upplýsingar um fræðslu fyrir kennara og stjórnendur	Engin fræðsla um þetta	Námskeið frá HA starfsfólks hefst í janúar 2022 og stendur út vorönn 2022	Skipuleggja fræðslu fyrir kennara og stjórnendur skólans sem miðar að því að betur gangi að samræma kennslu í staðnámi og fjarnámi
		Að skólinn verði ofan við miðju í flokki meðalstórra stofnana í niðurstöðum könnunarinnar Stofnun ársins sem metur starfsanda og starfsumhverfi stofnana	Niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins.	Mí var í 25 sæti af 40 stofnunum sem teljast til meðal	Mí verði í fyrir ofan miðju í flokki þeirra stofnana	Mí verði í efsta þriðjungi í flokki þeirra stofnana sem

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
2022-2024

Tímabil áætlunar:

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir			
B2.1	Endurmenntunarnámskeið verði haldin að lágmarki eitt á hverri önn fyrir allt starfsfólk skólans.	2022	2024			
B2.2	Markviss starfsþróunarsamtöl stjórnenda við starfsfólk haldin einu sinni á önn.	2022	2024			
B2.3	Aukin fræðsla fyrir kennara til að samræma betur kennslu í stað- og fjarnámi	2022	2024			
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B3	Aukin skilvirkni	Fjöldi rafrænna samskipta ferla	Umsókna- og skráningarleiðir á netinu.	Fimm rafrænar skráningarleiðir	Sjö rafrænar skráningarleiðir	Tíu rafrænar skráningarleiðir

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
2022-2024

Tímabil áætlunar:

sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

		Hlutfall af rafrænt undirrituðum skjölum	Fjöldi rafrænt undirritaðra skjala í stjórnsýslunni.	40%	80%	100%
		Ánægja notenda	Þjónustukannanir til nemenda starfsfólks og forsjáraðila.	75-100% ánægð	75-100% ánægð	75-100% ánægð
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Unnið að aukningu rafrænna ferla í INNU og í gegnum aðrar rafrænar samskiptaleiðir.				2022	2024
B3.2	Skólinn verði leiðandi og hvetjandi aðili þegar kemur að hvort undirskriftir verði rafrænar.				2022	2024
B3.3	Lagðar verða fyrir þjónustukannanir í tengslum við innra mat skólans.				2022	2024

Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í viðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.